

hraun og er orðið afbragðs tært þegar það kemur fram aftur. Ær það Rangá ytri sem af því verður. Rangárbotninn austari er eitt af því, sem ferðamönum er ráðandi til að skoða á landi hér, þetta hyldjúps, blágræna uppgönguauga þarna í hraunröndinni. Ær þar líka fróðlegt að sjá eina tegund byrjandi dalmynd-

unar. Rangárbotninn vestri virðist mér helzt vera leki úr Þjórsá, eins og Schythe hefir getið til (Hekla og dens síðaste Uð-brud bls. 7). Æu áður hefi eg getið um að Þjórsá lekur vestur yfir í gjána, (sem nefna mætti Rauðárgjá), og kemur það vatn í Þjórsá aftur.

22. 11.—15. 1.

Ragnheiður Thórarensen.

Eftirmæli.

Parvulum, sed ægre
composui, insomnis in
tinniente inferno stupiditatis.

Ragnheiður Thórarensen, sem andaðist 9. þ. m. á heimili dóttursonar síns Gests Einarssonar á Hæli, var fædd 13. júlí 1816 og varð þannig rúmlega $97\frac{1}{2}$ árs. Ragnheiður var ættuð vel, dóttir Páls Melsteðs amtmanns, og Önnu Sigriðar dóttur Stefáns konferensráðs Pórarinssonar. Æu Páll faðir hennar var Pórðarson, Jónssouar (þess er tuddann setti í ána), Halldórssonar, Bergbergssonar Hrólfssonar sterka; en Hrólfsur var í karllegg kominn af Lopti ríka og hefir Jóasafat ættfræðingur leitt að því mörg rök, að Loptur hafi í karl-

legg verið frá bróður Ara fróða; en Ari sjálfur segir að það sé sama ættin og hin forna konungsætt Svíja, og þarf ekki að efa, að hann segir það satt.

Ragnheiður giftist 1841 frænda sínum Vigfúsi Sigurðarsyni Thórarensen sem seinna varð sýslumaður Strandamanna. Hafði sá ráðahagur verið mjög að hans vilja, og henni líklega ekki á móti skapi. Var Vigfús hvatileksmaður og vel viti borinn eins og hann átti ætt til, en varð drykkfeldur um of. Vigfús var sonarsonarsonur og sonardóttursonur Pórarins á Grund *), (sem

*Af samakarlleggnum og Pórarinn, niðji séra Sveins lærða, var Sveinn Pálsson, náttúrufræðingur og læknir, ágætur maður.

Bogi Benediktsson nefnir flugskarp-an), dótturdóttursonur Bjarna Páls-sonar, náttúrufræðinga og landlæknis, (sem afbragðsmaður var, bæði að viti og velvild), en dótturdótturdóttursonur Skúla fógeta.

Ragnheiður hafði í æsku verið kvenna fríðust, og vel viti borin; en þess á milli og að vera vitur er löng leið og vandrötuð, sem fáir fara, og sízt hjá fámennri úteyjarþjóð þar sem starfið að hugsa hefir verið og er enn í hinni mestu fyrirlitningu; en þó á engin þjóð til vitrari að telja en Íslendingar. Enginn skörungur hafði Ragnheiður verið, þó að skörungsskapur hafi til verið í ættum hennar; en eitthvað af lífsaflí Hrólfshins sterka var þó í því að eiga 14 börn á 13 árum, og eins í því að lifa svona lengi þrátt fyrir alt annað en heilsusamlegar ástæður, þar eð hún, á efri árum, lá mikið af vetrinum rúmföst sökum kylvísi. Hef ég líka heyrta eftir henni haft að henni hafi aldrei verulega hlýnað þau árin sem hún var í Strandasýslunni. Bendir þetta til þess að hjartað í henni hafi ekki verið nógu afmikið, þó að það reyndist svona þraut meigt, og blöðstreymið í útlimum því ekki nógu hraðfara. Það mun vera ein af algengustu ástæðum til kylvísi,

ur; en systir Dórarins átti Svein lögmann Sölvason og var þaðan kominn Pétur Guðjohnsen; en í karllegg var Pétur kominn af Sigurði syni Hrólfshins sterka.

og hvort menn eru kylvir af þeiri orsök einkum, geta þeir eftil vill markað af því, hvort þeim kólnar fyrst að hægra fæti. Getur þetta líka skýrt nokkuð hvers vegna Ragnheiður var ekki atkvæðakona mikil; en stilt hafi hún verið og þolinmóð. Séra Jón Halldórsson langafni Ragnheiðar hefir vist verið síðastur framúrskarandi krapptamaður í þann legg frá Hrólf, og yfirleitt mun saga íslenzkrar orku síðan um 1600 vera hnignunarsaga, þó að nú sé aftur að rétta við. Eru ástæðurnar til þeirrar hnignunar ekki vandfundnar, þó að menn virðist stundum gleyma því, hvilik umskifti urðu á högum þjóðarinnar um aldamótin 1600

Vigfús Thórarensen andaðist 1854. Eftirlaun ekkjunnar voru eitthvað um 100 kr. og varð því fjölskyldan að tvístrast; var Ragnheiður lengst af síðan eða um 40 ár, á Hæli, hjá Steinunni dóttur sinni og Einari. Niðjar hennar munu hafa verið orðnir nálægt 100 að tölù, en af því er dáið þriðjungur, eða nálægt því. Af börnum hennar lifa 6 ennpá; Guðrún, átti fyrst Guðna bónda Magnússon, af ætt Finns biskups, en giftist síðan Kristjáni Þorsteinsyni; Anna Sigríður, ekkja Péturs Péturssonar bæjargjaldkera; hefir Anna síðan á barnsaldri, eða lengur en hálf a öld kennt að leika á pianó; Bjarni, skipstjóri; Ingibjörg, gift Guðna bónda Þorsteinsyni í Eystritungu í Landeyjum; Sigríður, hagleikskona mikil og hefir

um langan aldur kennt hannyrðir; Vigfúsína, gift Mariusi Gilsfjörð, kaupmanni á Ísafirði. En auk þeirra fimm sem í barnæsku önduðust eru dáin: Stefánia;

Steinunn, er átti Einar Gestsson í Hæli, og Oddgeir; hann druknaði í róðri.

24. febr.

Á annari stjörnu.

Es ist doch an der Zeit das bioradiative Aufeinandervirken der Lebewesen, auch von Stern zu Stern einzusehen. Diese Einsicht erst wird dem Affenhaften und schlimmer als Affenhaft-en des Homo stupidus ein Ende machen. — Ennfremur: því heimskari sem einhver er og því fáfröðari, því fljótari er hann til að ætla þann geggaðan, sem eitthvað bregður frá venju í orði eða athöfn.

I.

Í mörg ár hefi eg flestar nætur og oft um daga, hugsað meira eða minna um eðli drauma; var mér það mikið áhuga-efni; virtist mér sem ekki allfáum öðrum, að á þeirri leið mundi helzt mega fá einhvern skilning á eðli meðvitundarinnar. En það er efni, sem enginn vit-indamaður getur alveg leitt hjá sér að ihuga. Eitthvað las eg um drauma, og þótti mér þar mest koma til þess sem spekingurinn Schopenhauer (Sjópenháer)

hefir ritað um þau efni. En mest gerði eg að því að athuga það sem mig sjálf-an dreymdi og reyna að rekja það til þess sem mér hafði komið í hug í vöku eða þeirra áhrifa sem meðvitund mín hafði orðið fyrir, svo að eg tæki eftir. Sitthvað þóttist eg geta rakið, en lítið sem ekkert varð mér ágengt í að skilja eðli draumvitundarinnar; og mér virt-ist, sem þeir er um drauma höfðu rit-að, hefði aldrei gert sér verulega ljóst, hvað þar er að skilja. Þar var Schop-enhauer mikil og merkileg undantekn-ing, og sýnir það, hvernig stundum þarf hina vitrustu menn til að taka eftir því sém eftirá virðist næstum því sjálfsagt að byrja á að skilja. Enginn, sem eg hefði kynst, hafði eins glöggt og Schop-enhauer fundið til þess hvað draumvit-undin er undarleg; honum virtist það ljósara en öllum öðrum hvað það er furðulegt, að i svefni skuli menn, án þess að nota augun, geta séð eins glöggt og í vöku með opnum augum. En vilji